

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



Dags eftirlits	5.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Egilsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Unnsteinn Árnason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni og varða þau úrgang annan en neyslu- og rekstrarúrgang sem safnast upp á urðunarstaðnum og mikið magn hluta sem er í geymslu innan urðunarsvæðisins. Eins er óflokkaður úrgangur sem inniheldur spilliefni að berast á urðunarstaðinn.

Mæla skal mengunarefni í læk vestan urðunarstaðarins og herða á skráningu svo samantekt á skráningum og mælingum geti borist Umhverfisstofnun fyrir 1. mars nk. eins og tilskilið er.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður Langanesbyggðar á Bakkafirði er rekinn á undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og er gert að starfa samkvæmt fyrra starfsleyfi sem gefið var út fyrir urðunarstað Skeggjastaðarhrepps árið 2002. Ekki er heimilt að urða úrgang á því svæði sem er næst íbúðabyggð.

Starfsleyfi fyrir urðunarstað Skeggjastaðarhrepps heimilar meðhöndlun á neyslu- og rekstrarúrgangi, allt að 200 tonnum á ári. Fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði. Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) hefur séð um með eftirlit með urðunarstaðnum á Bakkafirði enda tilskilið í starfsleyfi urðunarstaðarins að HAUST færi með eftirlit.

Dagskrá eftirlits:

Fundur:

- Yfirferð eldri eftirlitsskýrsla
- Kröfur í gildandi starfsleyfi (frá 2002)

Skoðun á urðunarstaðnum á Bakkafirði

Eftir sameiningu Skeggjastaðarhrepps og Langanesbyggðar tilheyrir Bakkafjörður Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Umhverfisstofnun hefur nú tekið við eftirliti með urðunarstaðnum til samræmis við skilyrði nr. 3 í undanþágu ráðuneytisins. Undirritaður settist niður á fund með Jónasi Egilssyni á skrifstofum Langanesbyggðar.

1. Í eftirlitsskýrslu HAUST frá 2013 kom fram að spilliefni væru geymd á urðunarstaðnum, en spilliefni eiga ekki að berast þangað en flokkast frá úrganginum og berast á gámavelli og enda í viðurkenndum spilliefnamóttökum. Eins var fundið að fokefnum sem berast frá urðunarstaðnum þó urðun hafi verið hætt í september 2012 þegar starfsleyfið rann út.

Í fyrirvaralausum eftirliti í ágúst sl. voru skráð tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi og í bréfi frá 28. ágúst sl. er óskað eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikunum sem skyldi berast stofnuninni fyrir 20. september sl. Enn hafa viðbrögð sveitarfélagsins ekki borist og því fer málið í eftirfylgnifarveg.

Frávikin snúa að geymslu ónytjahluta á urðunarstaðnum og að spilliefni berast á urðunarstaðinn með úrgangsgámum en óheimilt er að taka við spilliefnum á urðunarsvæðinu. Taka þarf til á urðunarstaðnum og fjarlægja þarf úrgang sem óheimilt er að taka á móti og geyma.

Sorpurðun á Bakkafirði var hætt í september 2012 þegar starfsleyfið rann út og ekki fékkst undanþága fyrir frekari urðun á þeim tíma. Um tíma var úrgangur fluttur á Vopnafjörð til urðunar. Urðun á Bakkafirði hófst að nýju í ágúst sl.

2. Krafa er í starfsleyfinu um mælingar á lífrænum mengunarefnum og útvöldum þungmálum í læk norðan (vestan) við urðunarstaðinn. Senda þarf stofnuninni afrit af niðurstöðum mælinga strax og þær liggja fyrir.

Eins er krafa um skráningar og upplýsingagjöf til Heilbrigðiseftirlits Austurlands (Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra) og Umhverfisstofnunar. Halda þarf skrá yfir sýnatökur og niðurstöður mælinga sem gerðar eru á urðunarstaðnum, magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, magn og tegundir úrgangs sem fara til endurnýtingar/endurvinnslu og eins hvað og hversu miklum úrgangi er fargað á annan hátt. Árleg samantekt skal berast fyrir 1. mars árið eftir.

Mengunaróhapp eða önnur óvænt atvik skal tilkynna stofnuninni eins fljótt og unnt er.

Á samráðsfundi sem halda skal með rekstraraðila og HAUST skal rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða. Ljóst er að boða þarf til samráðsfundar við fyrsta tækifæri.

Til samræmis við ákvæði í grein nr. 1.11 skal rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Minnt var á þetta ákvæði og mikilvægi þess. Ágætt er að markmiðin séu mælanleg og þeim hampað og nýtt í samningum við verktaka sem að söfnun, flokkun, móttöku og urðun úrgangs koma.

Síðdegis sama dag fór fram skoðun á urðunarstaðnum. Unnsteinn Árnason verktaki hjá sveitarfélaginu tók á móti mér á urðunarstaðnum á Bakkafirði.

Enn hefur lítið breyst síðan í eftirlitinu í ágúst sl. Bæði Jónas og Unnsteinn tjáðu undirrituðum að ákveðið væri að Unnstein sæi um að fjarlægja málma, plast, timbur og annað sem ekki er leyfilegt að geyma þar. Frávikið frá í ágúst stendur því óbreytt þar sem ekki hefur verið brugðist við því enn.

Í nýrri umsókn fyrir starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn kemur fram sveitarfélagið hyggst einungis urða flokkað sorp frá heimahúsum og fyrirtækjum, s.s. fernur, dagblöð, pappi, bylgjupappi, plast og málma auk lífræns úrgangs, sem safnað er samkvæmt þriggja tunnu kerfi. Annar úrgangur á ekki að berast á urðunarstaðinn enda óheimilt að urða hann þar. Fram kemur í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu að hvorki spilliefni né grófur úrgangur s.s. timbur, brotamálmur, garðaúrgangur, hjólbarðar, gler, postulín og heyrúlluplast yrði urðað á svæðinu heldur sé þessi úrgangur fluttur úr sveitarfélaginu til frekari vinnslu.

Gengið var um urðunarstaðinn, þ.e. þann hluta hans sem nú er notaður undir úrgang. Urðunarrein er aðeins ein og er hún ofarlega í landinu. Engin ummerki voru úrgang upp úr jarðvegi eða fokefni við urðunarreinina. Áformað verklag er þannig að tekin er 3-4 m djúp hola, úrgangur losaður í hana og jarðefni sett yfir. Næsti farmur úrgangs lagður þar ofan á o.s.frv. þar til jarðvegur er kominn í hæð.

Enn eru spilliefni að berast á urðunarstaðinn. Við urðunarholuna var hrúga af brúsum undan efnavöru, rafmagnstæki og málingarfötur sem verktaki hafði fjarlægt úr farmi af úrgangi sem barst inn á svæðið. Flokkun úrgangs virðist því ekki vera í lagi og/eða aðgangur að gámafullum ekki nægur. Frávikið um spilliefni frá því í ágúst stendur því enn enda óbreytt staða.

Hlið var læst við aðkomu og girðingar í góðu lagi. Ekki var fokefni í girðingum.

Frávik frá

ákvæði í grein 11 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Mikið magn málma, plastefna, timburs, veiðafæraúrgangs sem ekki teljast til neyslu- og rekstrarúrgangs hefur safnast upp á svæðinu. Gerð er krafa um tiltekt á urðunarstaðnum.

ákvæði í grein 2.2 í starfsleyfi

Óflokkaður úrgangur sem inniheldur spilliefni berast á urðunarstaðinn. Í starfsleyfinu segir að óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil. Rekstraraðili skal tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar.

ATHUGASEMDIR

Mæla skal mengunarefni í læk vestan urðunarstaðarins og herða á skráningu svo samantekt á skráningum og mælingum geti borist Umhverfisstofnun fyrir 1. mars nk. eins og tilskilið er.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.11.2017



Gottskálk Friðgeirsson